

**Mál nr. 216/2016****M  
og****vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er vél bifreiðar bræddi úr sér eftir að hafa verið ekið út af vegi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.7.2016, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 26. júní 2016 var A, sem er bifreið í eigu M, ekið út af þjóðvegi 1 eftir að ökumaðurinn hafði misst stjórn á henni við það að sauðkind fór yfir veginn. Lenti A á grjóti utan vegarins með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á henni, þ. á m. mun lítið gat hafa komið á vatnskassa. Ökumanni tókst að koma A upp á veginn að nýju og halda ferð sinni áfram. Nokkru síðar drapst á vél A og við skoðun á verkstæði kom í ljós að vélin hafði brætt úr sér þar sem kælivatn hafði lekið af vélinni. Segir í málskoti að eftir tilteknum verkstæðismanni sé haft að engin viðvörðunarljós kvikni í mælaborði A þegar kælivatnið hitnar um of. Væntanlega hafi hitamælir hækkað án þess að eftir því væri tekið.

A var kaskótryggð hjá V og hefur M krafist bóta úr vátryggingunni vegna þeirra skemmda sem urðu á A við útafaksturinn. V hefur viðurkennt bótaskyldu að öðru leyti en því að það hafnar bótaskyldu vegna skemmda á vélinni. M unir ekki þeirri niðurstöðu V.

**Álit.**

Í 4. gr. skilmála kaskótryggingarinnar er skilgreint hvert sé bótasvið vátryggingarinnar. Samkvæmt gr. 4.4 bætir vátryggingin tjón á vátryggðu ökutæki vegna útafaksturs. Ljóst er að vél A skemmdist ekki við útafaksturinn heldur nokkru síðar þegar hún bræddi úr sér eftir að kælivatn hafði lekið af henni. Samkvæmt þessu varð vélin ekki fyrir skemmdum við útafaksturinn og fellur því utan bótasviðs vátryggingarinnar. M á því ekki rétt á bótum kaskótryggingunni hvað varðar tjón á vélinni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum vegna skemmda á vél A úr kaskótryggingu hennar hjá V.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.